

**FRAMKVÆMDARTILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2021/746****2022/EES/34/37****frá 6. maí 2021****um breytingu á tilskipunum 2003/90/EB og 2003/91/EB að því er varðar aðferðarlýsingar vegna athugana á tilteknum yrkjum nytjaplantna og grænmetistegunda í landbúnaði og um breytingu á tilskipun 2003/90/EB að því er varðar grasafræðiheiti plantna (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/53/EB frá 13. júní 2002 um sameiginlega skrá yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði <sup>(1)</sup>, einkum a- og b-lið 2. mgr. 7. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/55/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu grænmetisfræs <sup>(2)</sup>, einkum a- og b-lið 2. mgr. 7. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Tilskipanir framkvæmdastjórnarinnar 2003/90/EB <sup>(3)</sup> og 2003/91/EB <sup>(4)</sup> miða að því að tryggja að yrki nytjaplantna og grænmetistegunda í landbúnaði, sem aðildarríkin bæta við landskrár sínar, samrýmist þeim aðferðarlýsingum sem yrkisskrifstofa Bandalagsins (CPVO) hefur sett. Þessar tilskipanir miða einkum að því að tryggja fylgni við reglur að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum nytjaplantna og grænmetistegunda í landbúnaði. Að því er varðar yrki sem falla ekki undir aðferðarlýsingar yrkisskrifstofu Bandalagsins miða þessar tilskipanir að því að tryggja að viðmiðunarreglum Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja (UPOV) sé fylgt.
- 2) Yrkisskrifstofa Bandalagsins og Alþjóðasambandið um vernd nýrra plöntuyrkja hafa fastsett frekari aðferðarlýsingar og viðmiðunarreglur og uppfært þær sem fyrir voru, einkum að því er varðar fóðurertur, fóðurrepjur, þaðmull, hafra, vallarfoxgras, sinnepskál, spergilkál, paprikur, melónur, ætíþistla, tómatu, ertur, spínat og grunnstofna tómatu. Því ætti að breyta tilskipunum 2003/90/EB og 2003/91/EB til samræmis við það til að endurspegla þessa þróun.
- 3) Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/415 <sup>(5)</sup> breytti tilskipunum ráðsins 66/401/EBE <sup>(6)</sup> og 66/402/EBE <sup>(7)</sup> að því er varðar tiltekin grasafræðiheiti skrápvinguls, hveitis, harðhveitis, spelthveitis, dúrru og akurdúrru til að endurspegla þróun vísindapekkingar. Breyta ætti tilskipun 2003/90/EB til samræmis við það til að endurspegla þessar breytingar.
- 4) Því ætti að breyta tilskipunum 2003/90/EB og 2003/91/EB til samræmis við það.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 2022, ESB L 160, 7.5.2021, bls. 94. Henni var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 102/2022 frá 29. apríl 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stj. 2002, ESB L 193, 20.7.2002, bls. 1.

(2) Stj. 2002, ESB L 193, 20.7.2002, bls. 33.

(3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/90/EB frá 6. október 2003 um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/53/EB að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum nytjaplantna í landbúnaði (Stj. 2003, ESB L 254, 8.10.2003, bls. 7).

(4) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/91/EB frá 6. október 2003 um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipunar ráðsins 2002/55/EB að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum grænmetistegunda (Stj. 2003, ESB L 254, 8.10.2003, bls. 11).

(5) Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/415 frá 8. mars 2021 um breytingu á tilskipunum ráðsins 66/401/EBE og 66/402/EBE til þess að aðlaga flokkunarfræðilega hópa og heiti tiltekinna tegunda fræs og illgresis að þróun á sviði vísinda- og tækniþekkingar (Stj. 2021, ESB L 81, 9.3.2021, bls. 65).

(6) Tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fóðurjurttafræja (Stj. 1966, ESB L 125, 11.7.1966, bls. 2298).

(7) Tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns (Stj. 1966, ESB L 125, 11.7.1966, bls. 2309).

- 5) Að því er varðar tiltekin yrki, sem voru ekki samþykkt til innfærslu í sameiginlegu skrána yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði eða grænmetistegundir, hófust opinberar athuganir fyrir 1. janúar 2022 í samræmi við ákvæðin í annaðhvort aðferðarlýsingu yrkisskrifstofu Bandalagsins eða leiðbeiningum Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja sem eru tilgreind í viðeigandi viðauka við tilskipun 2003/90/EB eða 2003/91/EB, eins og þær voru áður en þeim var breytt með þessari tilskipun. Til þess að trufla ekki þessar athuganir þykir rétt, að því er varðar þessar athuganir, að aðildarríkin beiti landsákvæðum sem lögleiða tilskipanir 2003/90/EB og 2003/91/EB eins og þær voru áður en þeim var breytt með þessari tilskipun.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

#### **Breytingar á tilskipun 2003/90/EB**

Í stað I. og II. viðauka við tilskipun 2003/90/EB kemur textinn sem settur er fram í A-hluta viðaukans við þessa tilskipun.

*2. gr.*

#### **Breytingar á tilskipun 2003/91/EB**

Í stað viðaukanna við tilskipun 2003/91/EB kemur textinn sem settur er fram í B-hluta viðaukans við þessa tilskipun.

*3. gr.*

#### **Lögleiðing**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 2021. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða. Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. janúar 2022.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

*4. gr.*

#### **Umbreytingarráðstafanir**

Að því er varðar athuganir á yrkjum sem hófust fyrir 1. janúar 2022 skulu aðildarríkin beita landsákvæðum sem lögleiða tilskipanir 2003/90/EB og 2003/91/EB eins og þær voru áður en þeim var breytt með þessari tilskipun.

*5. gr.*

#### **Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

6. gr.

**Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 6. maí 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## VIÐAUKI

## A-hluti – Breytingar á I. og II. viðauka við tilskipun 2003/90/EB

## „I. VIÐAUKI

## Skrá yfir tegundir, sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr., sem eiga að fullnægja tæknilegum aðferðarlýsingum yrkisskrifstofu Bandalagsins (CPVO) (\*)

Vísindaheiti	Almennt heiti	Aðferðarlýsing yrkisskrifstofu Bandalagsins
<i>Festuca arundinacea</i> Schreb.	Tágavingull	TP 39/1 frá 1.10.2015
<i>Festuca filiformis</i> Pourr.	Þráðvingull	TP 67/1 frá 23.6.2011
<i>Festuca ovina</i> L.	Sauðvingull	TP 67/1 frá 23.6.2011
<i>Festuca pratensis</i> Huds.	Hávingull	TP 39/1 frá 1.10.2015
<i>Festuca rubra</i> L.	Rauðvingull	TP 67/1 frá 23.6.2011
<i>Festuca trachyphylla</i> (Hack.) Hack.	Skrápvingull	TP 67/1 frá 23.6.2011
<i>Lolium multiflorum</i> Lam.	Slétturýgresi	TP 4/2 frá 19.3.2019
<i>Lolium perenne</i> L.	Vallarrýgresi	TP 4/2 frá 19.3.2019
<i>Lolium x hybridum</i> Hausskn.	Rýgresisblendingur	TP 4/2 frá 19.3.2019
<i>Pisum sativum</i> L. (partim)	Fóðurertur	TP 7/2 endursk. 3 frá 6.3.2020
<i>Poa pratensis</i> L.	Vallarsveifgras	TP 33/1 frá 15.3.2017
<i>Vicia faba</i> L.	Garðbaunir	TP 8/1 frá 19.3.2019
<i>Vicia sativa</i> L.	Fóðurflækja	TP 32/1 frá 19.4.2016
<i>Brassica napus</i> L. var. <i>napobrassica</i> (L.) Rchb.	Gulrófur	TP 89/1 frá 11.3.2015
<i>Raphanus sativus</i> L. var. <i>oleiformis</i> Pers.	Fóðurhreður	TP 178/1 frá 15.3.2017
<i>Brassica napus</i> L. (partim)	Fóðurrepjur	TP 36/3 frá 21.4.2020
<i>Cannabis sativa</i> L.	Hampur	TP 276/1 endursk. að hluta til frá 21.3.2018
<i>Glycine max</i> (L.) Merr.	Sojabaunir	TP 80/1 frá 15.3.2017
<i>Gossypium</i> spp.	Baðmull	TP 88/2 frá 11.12.2020
<i>Helianthus annuus</i> L.	Sólblóm	TP 81/1 frá 31.10.2002
<i>Linum usitatissimum</i> L.	Lín/spunalín	TP 57/2 frá 19.3.2014
<i>Sinapis alba</i> L.	Hvítur mustarður	TP 179/1 frá 15.3.2017
<i>Avena nuda</i> L.	Snoðhafrar	TP 20/3 frá 6.3.2020
<i>Avena sativa</i> L. (þ.m.t. <i>A. byzantina</i> K. Koch)	Hafrar	TP 20/3 frá 6.3.2020
<i>Hordeum vulgare</i> L.	Bygg	TP 19/5 frá 19.3.2019

<i>Oryza sativa</i> L.	Hrísgrión	TP 16/3 frá 1.10.2015
<i>Secale cereale</i> L.	Rúgur	TP 58/1 frá 31.10.2002
<i>Sorghum bicolor</i> (L.) Moench undirteg. <i>bicolor</i>	Dúrri	TP 122/1 frá 19.3.2019
<i>Sorghum bicolor</i> (L.) Moench undirteg. <i>drummondii</i> (Steud.) de Wet ex Davidse	Akurdúrri	TP 122/1 frá 19.3.2019
<i>Sorghum bicolor</i> (L.) Moench undirteg. <i>bicolor</i> x <i>Sorghum bicolor</i> (L.) Moench undirteg. <i>drummondii</i> (Steud.) de Wet ex Davidse	Blendingar sem koma fram við kynblöndun <i>Sorghum bicolor</i> undirteg. <i>bicolor</i> og <i>Sorghum bicolor</i> undirteg. <i>drummondii</i>	TP 122/1 frá 19.3.2019
<i>xTriticosecale</i> Wittm. ex A. Camus	Blendingar sem koma fram við kynblöndun tegunda af ættkvíslinni <i>Triticum</i> og tegunda af ættkvíslinni <i>Secale</i>	TP 121/2 endursk. 1 frá 16.2.2011
<i>Triticum aestivum</i> L. undirteg. <i>aestivum</i>	Hveiti	TP 3/5 frá 19.3.2019
<i>Triticum turgidum</i> L. undirteg. <i>durum</i> (Desf.) van Slageren	Harðhveiti	TP 120/3 frá 19.3.2014
<i>Zea mays</i> L. (partim)	Maís	TP 2/3 frá 11.3.2010
<i>Solanum tuberosum</i> L.	Kartöflur	TP 23/3 frá 15.3.2017

(\*) Þessar aðferðarlýsingar eru á vefsíðu yrkisskrifstofu Bandalagsins ([www.cpvo.europa.eu](http://www.cpvo.europa.eu)).

## ANNEX II

**Skrá yfir tegundir, sem um getur í b-lið 2. mgr. 1. gr., sem eiga að fullnægja viðmiðunarreglum Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja að því er varðar prófanir(\*)**

Vísindaheiti	Almennt heiti	Viðmiðunarreglur Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja
<i>Beta vulgaris</i> L.	Fóðursykkurrófur	TG/150/3 frá 4.11.1994
<i>Agrostis canina</i> L.	Týtulíngresi	TG/30/6 frá 12.10.1990
<i>Agrostis gigantea</i> Roth	Stórlíngresi	TG/30/6 frá 12.10.1990
<i>Agrostis stolonifera</i> L.	Skriðlíngresi	TG/30/6 frá 12.10.1990
<i>Agrostis capillaris</i> L.	Hálíngresi	TG/30/6 frá 12.10.1990
<i>Bromus catharticus</i> Vahl	Sólfax	TG/180/3 frá 4.4.2001
<i>Bromus sitchensis</i> Trin.	Sitkafax	TG/180/3 frá 4.4.2001
<i>Dactylis glomerata</i> L.	Axhnoðapuntur	TG/31/8 frá 17.4.2002
<i>xFestulolium</i> Asch. et Graebn.	Blendingar sem koma fram við kynblöndun tegunda af ættkvíslinni <i>Festuca</i> og tegunda af ættkvíslinni <i>Lolium</i>	TG/243/1 frá 9.4.2008
<i>Phleum nodosum</i> L.	Hnúðfoxgras	TG/34/7 frá 17.12.2020
<i>Phleum pratense</i> L.	Vallarfoxgras	TG/34/7 frá 17.12.2020
<i>Lotus corniculatus</i> L.	Akurmarfuskór	TG 193/1 frá 9.4.2008
<i>Lupinus albus</i> L.	Ljósálúpínur	TG/66/4 frá 31.3.2004
<i>Lupinus angustifolius</i> L.	Lensúlúpínur	TG/66/4 frá 31.3.2004
<i>Lupinus luteus</i> L.	Ilmlúpínur	TG/66/4 frá 31.3.2004
<i>Medicago doliata</i> Carmign.	Broddrefasmári	TG/228/1 frá 5.4.2006
<i>Medicago italica</i> (Mill.) Fiori	Spælrefasmári	TG/228/1 frá 5.4.2006
<i>Medicago littoralis</i> Rohde ex Loisel.	Randrefasmári	TG/228/1 frá 5.4.2006
<i>Medicago lupulina</i> L.	Svartrefasmári	TG/228/1 frá 5.4.2006
<i>Medicago murex</i> Willd.	Hnattrefasmári	TG/228/1 frá 5.4.2006
<i>Medicago polymorpha</i> L.	Dvergrefasmári	TG/228/1 frá 5.4.2006
<i>Medicago rugosa</i> Desr.	Úfrefasmári	TG/228/1 frá 5.4.2006
<i>Medicago sativa</i> L.	Refasmári	TG/6/5 frá 6.4.2005
<i>Medicago scutellata</i> (L.) Mill.	Skjaldrefasmári	TG/228/1 frá 5.4.2006
<i>Medicago truncatula</i> Gaertn.	Þornrefasmári	TG/228/1 frá 5.4.2006
<i>Medicago x varia</i> T. Martyn	Sandrefasmári	TG/6/5 frá 6.4.2005
<i>Trifolium pratense</i> L.	Rauðsmári	TG/5/8 frá 17.12.2020
<i>Trifolium repens</i> L.	Hvítsmári	TG/38/7 frá 9.4.2003
<i>Trifolium subterraneum</i> L.	Jarðsmári	TG/170/3 frá 4.4.2001
<i>Phacelia tanacetifolia</i> Benth.	Hunangsjurt	TG/319/1 frá 5.4.2017

<i>Arachis hypogaea</i> L.	Jarðhnetur	TG/93/4 frá 9.4.2014
<i>Brassica juncea</i> (L.) Czern	Brúnn mustarður	TG/335/1 frá 17.12.2020
<i>Brassica rapa</i> L. var. <i>silvestris</i> (Lam.) Briggs	Nepjur	TG/185/3 frá 17.4.2002
<i>Carthamus tinctorius</i> L.	Litunarþistlar	TG/134/3 frá 12.10.1990
<i>Papaver somniferum</i> L.	Valmúi	TG/166/4 frá 9.4.2014

(\*) Þessar viðmiðunarreglur eru á vefsíðu Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuylrkja ([www.upov.int](http://www.upov.int))"

**B-hluti – Breytingar á viðaukunum við tilskipun 2003/91/EB**

„I. VIÐAUKI

**Skrá yfir tegundir, sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr., sem eiga að fullnægja tæknilegum aðferðarlýsingum yrkisskrifstofu Bandalagsins (CPVO) (\*)**

Vísindaheiti	Almennt heiti	Aðferðarlýsing yrkisskrifstofu Bandalagsins
<i>Allium cepa</i> L. (Cepa-hópur)	Laukar og bananaskalottlaukar (Echalion)	TP 46/2 frá 1.4.2009
<i>Allium cepa</i> L. (Aggregatum-hópur)	Skalottlaukar	TP 46/2 frá 1.4.2009
<i>Allium fistulosum</i> L.	Pípulaukar	TP 161/1 frá 11.3.2010
<i>Allium porrum</i> L.	Blaðlaukar	TP 85/2 frá 1.4.2009
<i>Allium sativum</i> L.	Hvítlaukur	TP 162/1 frá 25.3.2004
<i>Allium schoenoprasum</i> L.	Graslaukur	TP 198/2 frá 11.3.2015
<i>Apium graveolens</i> L.	Sellerí	TP 82/1 frá 13.3.2008
<i>Apium graveolens</i> L.	Hnúðsilla	TP 74/1 frá 13.3.2008
<i>Asparagus officinalis</i> L.	Sperglar	TP 130/2 frá 16.2.2011
<i>Beta vulgaris</i> L.	Rauðrófur, þ.m.t. Cheltenham-rófur	TP 60/1 frá 1.4.2009
<i>Beta vulgaris</i> L.	Blaðbeðjur	TP 106/1 frá 11.3.2015
<i>Brassica oleracea</i> L.	Grænkál	TP 90/1 frá 16.2.2011
<i>Brassica oleracea</i> L.	Blómkál	TP 45/2, 2. endursk. frá 21.3.2018
<i>Brassica oleracea</i> L.	Spergilkál (kalabrukál)	TP 151/2 endursk. 2 frá 21.4.2020
<i>Brassica oleracea</i> L.	Rósakál	TP 54/2, endursk. frá 15.3.2017
<i>Brassica oleracea</i> L.	Hnúðkál	TP 65/1, endursk. frá 15.3.2017
<i>Brassica oleracea</i> L.	Blöðrukál, hvítkál og rauðkál	TP 48/3, endursk. frá 15.3.2017
<i>Brassica rapa</i> L.	Kínakál	TP 105/1 frá 13.3.2008
<i>Capsicum annuum</i> L.	Eldpipar eða paprika	TP 76/2 endursk. 2 frá 21.4.2020
<i>Cichorium endivia</i> L.	Hrokkinblaðssalat og breiðblaða salatfíflar	TP 118/3 frá 19.3.2014
<i>Cichorium intybus</i> L.	Iðnaðarsikoríur	TP 172/2 frá 1.12.2005
<i>Cichorium intybus</i> L.	Kaffifíflar	TP 154/1 endursk. frá 19.3.2019
<i>Cichorium intybus</i> L.	Jólasalat	TP 173/2 frá 21.3.2018
<i>Citrullus lanatus</i> (Thunb.) Matsum. et Nakai	Vatnsmelónur	TP 142/2 frá 19.3.2014
<i>Cucumis melo</i> L.	Melónur	TP 104/2 endursk. frá 21.4.2020
<i>Cucumis sativus</i> L.	Gúrkur og smágúrkur	TP 61/2, 2. endursk. frá 19.3.2019
<i>Cucurbita maxima</i> Duchesne	Tröllagrasker	TP 155/1 frá 11.3.2015
<i>Cucurbita pepo</i> L.	Grasker eða dvergbitar	TP 119/1 endursk. frá 19.3.2014
<i>Cynara cardunculus</i> L.	Ætíþistlar og salatþistlar	TP 184/2 endursk. frá 6.3.2020



<i>Daucus carota</i> L.	Gulrætur og fýðurgulrætur	TP 49/3 frá 13.3.2008
<i>Foeniculum vulgare</i> Mill.	Fenníkur	TP 183/1 frá 25.3.2004
<i>Lactuca sativa</i> L.	Salat	TP 13/6 endursk. frá 15.2.2019
<i>Solanum lycopersicum</i> L.	Tómatar	TP 44/4 endursk. 4 frá 21.4.2020
<i>Petroselinum crispum</i> (Mill.) Nyman ex A. W. (Hill)	Steinselja	TP 136/1 frá 21.3.2007
<i>Phaseolus coccineus</i> L.	Glæsibaunir	TP 9/1 frá 21.3.2007
<i>Phaseolus vulgaris</i> L.	Buskabaunir og stangarbaunir	TP 12/4 frá 27.2.2013
<i>Pisum sativum</i> L. (partim)	Hýðisertur, mergertur og sykurertur	TP 7/2 endursk. 3 frá 6.3.2020
<i>Raphanus sativus</i> L.	Hreðkur, vetrarhreðkur	TP 64/2 leiðr. endursk. frá 11.3.2015
<i>Rheum rhabarbarum</i> L.	Rabarbarar	TP 62/1 frá 19.4.2016
<i>Scorzonera hispanica</i> L.	Svartrætur	TP 116/1 frá 11.3.2015
<i>Solanum melongena</i> L.	Eggaldin	TP 117/1 frá 13.3.2008
<i>Spinacia oleracea</i> L.	Spínat	TP 55/5 endursk. 3 frá 6.3.2020
<i>Valerianella locusta</i> (L.) Laterr.	Vorsalat eða lambasalat	TP 75/2 frá 21.3.2007
<i>Vicia faba</i> L. (partim)	Breiðbaunir	TP 206/1 frá 25.3.2004
<i>Zea mays</i> L. (partim)	Sykurmaís og poppmaís	TP 2/3 frá 11.3.2010
<i>Solanum habrochaites</i> S. Knapp & D.M. Spooner, <i>Solanum lycopersicum</i> L. x <i>Solanum habrochaites</i> S. Knapp & D.M. Spooner, <i>Solanum lycopersicum</i> L. x <i>Solanum peruvianum</i> (L.) Mill., <i>Solanum lycopersicum</i> L. x <i>Solanum cheesmaniae</i> (L. Ridley) Fosberg, <i>Solanum pimpinellifolium</i> L. x <i>Solanum habrochaites</i> S. Knapp & D.M. Spooner	Grunnstofnar tómata	TP 294/1 endursk. 4 frá 21.4.2020
<i>Cucurbita maxima</i> Duchesne x <i>Cucurbita moschata</i> Duchesne	Tegundablendaðir blendingar <i>Cucurbita maxima</i> Duchesne x <i>Cucurbita moschata</i> Duchesne til notkunar sem grunnstofnar	TP 311/1 frá 15.3.2017

(\*) Þessar aðferðarlýsingar eru á vefsíðu yrkisskrifstofu Bandalagsins ([www.cpvo.europa.eu](http://www.cpvo.europa.eu)).

*II. VIÐAUKI*

**Skrá yfir tegundir, sem um getur í b-lið 2. mgr. 1. gr., sem eiga að fullnægja viðmiðunarreglum Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuþyrkja að því er varðar prófanir (\*)**

Vísindaheiti	Almennt heiti	Viðmiðunarreglur Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuþyrkja
<i>Brassica rapa</i> L.	Næpur	TG/37/10 frá 4.4.2001

(\*) Þessar viðmiðunarreglur eru á vefsíðu Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuþyrkja ([www.upov.int](http://www.upov.int)).“